

KIRKJUGARÐARÁÐ

9. fundur haldinn mánudaginn 26. maí 2003
kl. 10:00 á skrifstofu forstjóra Kirkjugarða Akureyrar á Akureyri.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem sat fundinn í fjarveru Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar og ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn kl. 10: 00.

2. Starfsemi Kirkjugarða Akureyrar

Starfsemi Kirkjugarða Akureyrar var kynnt og aðstaðan skoðuð undir leiðsögn Smára Sigurðssonar forstjóra.

3. Framkvæmdir við Hallgrímskirkju í Saurbæ í Hvalfirði.

Kynnt var bréf vegna framkvæmda við Hallgrímskirkju í Saurbæ í Hvalfirði. Markmiðið með bréfinu var að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu á næstu árum: Lagningu slitlags og gerð bílastæða, göngustígagerð og merkingu minjastaða og ósk um vilyrði fyrir styrkveitingu vegna framkvæmda ársins 2004. Með bréfinu fylgdi ítarleg fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanna. Kirkjan fær 700 þús. kr. styrk til verkefnisins frá Prestssetrasjóði. Ráðgert var að fá fjármagn frá jöfnunarsjóði, en könnun formanns leiddi í ljós að ekki hefði verið sótt um styrk þangað.

Formaður nefndi að það væri ekki hlutverk sjóðsins að styrkja stígagerð/skiltagerð. Kirkjan ætti að sækja um til Ferðamálaráðs til þess verkefnis. Það kæmi aftur á móti til greina að sjóðurinn styrkti lið 1, þ.e. gerð bílastæða, þar sem þau nýtast kirkjugarði. Þórsteinn lagði áherslu á nauðsyn þess að ákveðnar yrðu viðmiðunarreglur sem fyrst til að styðjast við vegna ákvarðana um úthlutun, t.d. vaðandi bílaplön og miða þá kostnaðarskiptingu kirkju og kirkjugarðs af notkun þeirra. Framlag Kirkjugarðasjóðs ætti að vera í samræmi við það. Tóku fundarmenn undir það.

Ákveðið var að gefa vilyrði um styrk vegna gerðs bílastæðis. Umfang styrkja verði ákveðið á úthlutunarfundi á næsta ári þegar ljóst verði hvernig fjármögnun vegna verkefnisins verður hagað. Framkvæmdastjóri mun semja og senda þeim bréf um efnið.

4. Kynning á NFKK

Um er að ræða 400-500 manna ráðstefnu sem haldin verður í ágúst 2005 og stendur yfir í tvo daga. Ráðstefnan verður haldin í Háskólabíói og þar verður jafnframt sýning á búnaði, tengdum kirkjugörðum. Verður tekið gjald fyrir sýningaraðstöðu.

Gerðir hafa verið samningar um gistaðstöðu á Hótel Sögu, Hótel Íslandi og á nokkrum minni hótélum í miðbænum.

Í framkvæmdastjórn ráðstefnunnar eru Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson, Jóhann Pálmason formaður kirkjugarðastjórnar KGRP og Sigurjón Jónsson. Einar Karl Haraldsson er tengiliður á ráðstefnuskrifstofu. Ráðstefnuskrifstofan Kongress þjónustar ráðstefnuna. Kirkjugarðaráð veitti Kirkjugarðasambandi Íslands 800 þús. kr. styrk og fer hann að mestu í undirbúning fundarins. Nú þegar hefur verið haldinn einn fundur (upplýsingafundur). Árið 2004 verða haldnir stífir fundir og verða kirkjugarðamálefni þá áberandi. Hallgerður Gísladóttir verður með kynningu á útfararsíðum og mun hafa umsjón með leikriti sem sýnt verður í tengslum við fyrirlesturinn. Jafnframt er ætlunin að kynna **gardur.is** á ráðstefnunni, en enginn slíkur kerfisbundinn grunnur er til annars staðar. Kongressmenn opna heimasíðu fyrir ráðstefnuna nú í haust. Þeir sem sækja ráðstefnuna eru aðallega landslagsarkitektar, garðyrkjufraeðingar, starfsmenn og stjórnir kirkjugarða auk forvarða.

5. Staða gjaldalíkans

Þórsteinn hafði lagt skýrslu um fjármál kirkjugarða fyrir síðasta fund Kirkjugarðaráðs og þarf að ákveða hvort ráðið mæli með því að skýrslan verði nýtt til áframhaldandi vinnu. Hvort æskilegt sé að módelið sem kynnt var í skýrslunni verði tekið upp og óskað eftir að kirkjugarðalögum verði breytt í samræmi við það.

Þar sem ekki hafði gefist tími vegna fría til að ræða málefnið við biskup var ákveðið að haldinn yrði fundur með biskupi um gjaldalíkanið 2. júní n.k. kl. 10:00.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 2. júní kl. 10:00.

7. Önnur mál

- a) Á fundi Kirkjugarðaráðs fyrir í vor fjallaði Smári um fjárhagsvanda Kirkjugarða Akureyrar. Þá var mælt til að hann ræddi við bæjarráð um vandann. Var það gert sl. miðvikudag. Það kom bæjarráði á óvart að kirkjugarðarnir hefðu ekki nægar tekjur til að reka líkhús og kapellu. Bæjaráð var samt ekki tilbúið að koma að rekstrinum þar sem það telur það vera hlutverk ríkisins að sjá um slíkan rekstur. Næsta skref verður að Kirkjugarðar Akureyrar munu senda bæjarráði bréf til að leysa fortíðarvanda varðandi byggingu hússins.
- b) Valtýr lagði áherslu á að samskipti við sveitarfélög komist á hreint sem fyrst. Fundurinn samþykkti að leita eftir því við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að fá fund með stjórninni í ágústmánuði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir, form.

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari